

Djúpavogshreppur
Bakka 1
765 Djúpivogur

3. júlí 2017
UST201706-321/P.B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Stórsteinar í landi Múla

Vísað er til bréfs sveitastjóra Djúpavogshrepps dags. 20. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Lýsing framkvæmdar

Áætlanir landeiganda er að reisa tvö frístundahús til viðbótar við núverandi mannvirki og núverandi frístundahús stækkað. Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 er staðsetning frístundasvæðisins Stórsteinar, í landi Múla í Geithellnadal, sýnt á skipulagsuppdrætti og þess getið í greinargerð og kallar því ekki á breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020.


Umfang

Svæðið er 1,45 ha að flatarmáli og er í um 800 m fjarlægð frá Hringvegi um Álftafjörð miðað við loftlínu. Frístundasvæðið er í nágrenni við svæði á Náttúruminjaskrá, nr. 625. Hofsdalur, Tunga (Hofstunga), Hofsa, Geithellnadalur, (Múladalur) og Þrándarjökull. (1) Hofsdalur innan Eyðikinnargils, Flugustaðadalur norðan Hofsa syrði Sauðár) og Geithellnadalur innan Árnæss. Að vestan og norðan ráða vatnaskil. Til austurs ræður Hákonará, Nóngil og Eyðikinnargil. Hofsa ásamt 100 m breiðu beltí sitt hvoru megin árinna allt fram í sjó. (2) Gróðursælir dalir með vöxtulegi kjarri og skógarteigum kringdir litríkum og háum fjöllum. Margir fossar, einkum í Hofsa. Tilvalið svæði til útivistar í tengslum við Lónsöræfin.

Niðurstaða


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að frístundabyggð skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar eða náttúruverndar. Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að framkvæmdir falli vel að landi og forðast beri allt óþarfa rask.

Ef ofangreind framkvæmd hefur ekki neikvæð áhrif á svæði á náttúruminjaskrá nr. 625 þá hefur Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við tillöguna.



Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
Lögfræðingur